

Ákvörðun um skipulag fjármála- og efnahagsráðuneytis

Fjármála- og efnahagsráðuneyti starfar samkvæmt lögum nr. 115 frá 2011, um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurði um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti nr. 4 frá 14. mars 2025 og forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 5 frá 14. mars, 2025. Samkvæmt 17. gr. laganna kveður ráðherra á um skiptingu ráðuneytisins í skrifstofur eftir verkefnum, auk þess sem heimilt er að setja á fót sérstakar starfseiningar og ráðuneytisstofnanir sem eru starfræktar sem hluti af ráðuneyti.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum svo:

1. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra sem setur honum erindisbréf. Staðgengill hans skal koma úr röðum skrifstofustjóra samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra, sbr. 16. gr. Stjórnarráðslaga.
2. Með ráðherra starfa einn til tveir aðstoðarmenn, sbr. 22. gr. Ráðherra setur aðstoðarmönnum erindisbréf.
3. Skrifstofu, eða sviði sem er ígildi skrifstofu í skilningi Stjórnarráðslaga, stýrir skrifstofustjóri sem skipaður er af ráðherra. Sérstakri starfseiningu eða ráðuneytisstofnun stýrir embættismaður, sbr. 17. gr.
4. Sérfræðingar starfa innan einstakra skrifstofa eða sviða. Sama gildir um annað starfsfólk. Ráðuneytisstjóri setur skrifstofustjórum erindisbréf en sérfræðingar starfa samkvæmt starfslýsingum.

Ráðuneytið starfar sem ein heild og skiptist í sjö skrifstofur. Skrifstofur og svið eru eftirtalin; skrifstofa efnahagsmála, skrifstofa fjármálamarkaðar, skrifstofa kjara- og mannauðsmála, skrifstofa opinberra fjármála, skrifstofa skattamála, skrifstofa stjórnunar og umbóta, skrifstofa samhæfingar og fjármála.

Ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofa og sviða og felur einum starfsmanna hverrar skrifstofu og sviðs staðgöngu fyrir skrifstofustjóra í fjarveru þeirra. Að auki geta verið starfræktir til lengri og skemmri tíma sérstakir verkefnahópar eða -teymi til að vinna að málefnum og verkefnum sem varða verksvið fleiri en einnar skipulagseiningar ráðuneytisins, skv. nánari ákvörðun hverju sinni.

Verkefni skiptast milli skrifstofa og sviða á eftirfarandi hátt:

Skrifstofa efnahagsmála leiðir undirbúning og eftirfylgni með efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar ásamt því að vera ráðherra til ráðgjafar um efnahagsleg- og hagstjórnarleg málefni. Hún vinnur auk þess að samhæfingu hagstjórnar og fer því með samskipti ráðuneytisins og Seðlabanka Íslands á því sviði. Í því skyni vaktar skrifstofan hagþróun og annast greiningar, þ.m.t. sviðsmynda- og fráviksgreiningar og annast samskipti um gerð þjóðhagsspár. Skrifstofan ber ábyrgð á gerð skýrslu ráðherra um horfur og þróun til lengri tíma. Þá styður hún aðrar skrifstofur við greiningar á hagstjórnarlegum úrlausnarefnum auk þess að leiða starf við hagstjórn loftslagsmála. Skrifstofan ber ábyrgð á kynningu á efnahags- og hagstjórnarmálum innanlands og utan, samskiptum ráðuneytisins við erlend lánshæfismatsfyrirtæki í samstarfi við skrifstofu stjórnunar og umbóta, auk samskipta við ýmsar alþjóðlegar stofnanir á sviði efnahagsmála, þ.m.t. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD).

Skrifstofa fjármáلامarkaðar annast málefni fjármáلامarkaðar og undirbýr laga- og reglusetningu á því sviði. Þar undir fellur umgjörð og eftirlit með fjármálafyrirtækjum, málefni verðbréfamarkaða, innstæðutryggingar og Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, váttryggingar og váttryggingastarfsemi, náttúruhamfaratryggingar, greiðslukerfi og greiðsluþjónusta. Skrifstofan sinnir málefnum sem varða fjármálastöðugleika og viðbúnað vegna erfiðleika eða áfalla í fjármálakerfinu, en þar undir fellur m.a. þátttaka í starfi fjármálastöðugleikaráðs. Að auki fer skrifstofan með málefni Fjármálaeftirlitsins og Náttúruhamfaratryggingar Íslands. Þá fer skrifstofan með málefni er varða lífeyrissjóði, almenna löggjöf um starfsemi þeirra og stjórnsýsluverkefni sem af henni leiða, og lög um gjaldeyri og vexti og verðtryggingu, e.a. í samvinnu við aðrar skrifstofur ráðuneytisins.

Skrifstofa opinberra fjármála undirbýr stefnumörkun í opinberum fjármálum á grundvelli lögbundinna grunngilda: sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæis auk tölusetta fjármálareglna. Skrifstofan leiðir gerð fjármálastefnu, fjármálaáætlunar, fjárlaga og fjáráukalaga, bæði innan ráðuneytisins og gagnvart öðrum ráðuneytum. Í því felst undirbúningur að setningu heildarmarkmiða fyrir hið opinbera, þ.m.t. er varðar umfang, afkomu, skuldir og skuldaþróun auk ábyrgð á samhæfingu fjármálastefnu ríkisins og sveitarfélaga. Þá undirbýr skrifstofan ráðstafanir í ríkisfjármálum og fylgir eftir áherslum ráðherra og ríkisstjórnar varðandi fjármál ríkissjóðs. Skrifstofan ber ábyrgð á reiknilíkönum sem þjóna stefnumörkun og áætlanagerð á gjaldahlið opinberra fjármála, þ.m.t. fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis. Þá yfirfer skrifstofan mat ráðuneyta á fjárhagsáhrifum stjórnarfrumvarpa, reglugerða, samkomulaga og annarra stjórnvaldsráðstafana og leggur mat á samninga og aðrar skuldbindingar sem ná yfir lengri tíma en fjárlagaárið. Skrifstofan hefur forystu um gerð útgjaldagreininga (e. spending reviews) til að meta skilvirkni og árangur og skýra forgangsroðun ráðstöfunar opinberra fjármuna. Skrifstofan greinir horfur og þróun í fjármálum hins opinbera til lengri tíma í samræmi við ákvæði laga.

Skrifstofa skattamála mótar stefnu í skattamálum og eftir atvikum fyrir aðra tekjuöflun ríkisins. Skrifstofan annast mótun og undirbúning skattalöggjafar og gerð lagafrumvarpa og reglugerða á sviði skattamála með hliðsjón af stefnumótun ríkisfjármála og efnahagsmálum almennt. Skrifstofan annast mat á forsendum og áhrifum skattabreytinga sem telst vera hluti af gerð lagafrumvarpa og tekjuáætlunar ríkissjóðs. Skrifstofan undirbýr setningu heildarmarkmiða fyrir tekjuöflun ríkissjóðs og gerir langtímaáætlanir um þróun tekna í samvinnu við aðrar skrifstofur ráðuneytisins. Þá hefur skrifstofan umsjón með gerð tekjuáætlunar fjárlaga og sinnir samtímavöktun á innheimtu og greiningu tekna og þróun einstakra skattstofna. Þá annast skrifstofan undirbúning tvísköttunar- og upplýsingaskiptasamninga við önnur ríki.

Skrifstofa stjórnunar og umbóta sinnir fjárstýringu og rekstrarmálefnum ríkisins, lánamálum, umbótastarfi, eigna- og framkvæmdamálum. Það felur í sér fjármálastjórnun og fjárstýringu, lánsfjáröflun og skuldstýringu ríkissjóðs, eftirlit með framkvæmd fjárlaga í samstarfi við aðrar skrifstofur ráðuneytisins, mat á afkomu ríkissjóðs og einstakra ríkisaðila, ásamt þróun rekstraráætlana og reikningsskila. Hún annast innkaupamál, ríkisaðstoðarmál og samskipti við einkamarkaðinn. Skrifstofan fer með eigna- og framkvæmdamál ríkisins, þ.m.t. eignarhald félaga, og undirbúning og framkvæmd eigendastefnu hluta- og sameignarfélaga í ríkiseigu, auk þess að fara með málefni alþjóðabanka sem eru á forræði ráðuneytisins. Skrifstofan fer með eignarráð ríkisins í fast- og jarðeignum og samninga vegna nýtingar auðlinda þeirra. Skrifstofan vinnur að umbótum og nýsköpun í rekstri og stofnanakerfi ríkisins, stefnumótun og árangursstjórnun, þróun stafrænna innviða, notkun upplýsingatækni í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Á verkefnasviði

Drunk
M/S


skrifstofunnar er innleiðing og þróun miðlægrar stafrænnar þjónustu sem **Stafrænt Ísland** hefur með höndum.

Skrifstofa kjara- og mannauðsmála, sinnir verkefnum á sviði kjara- og mannauðsmála ríkisins. Undir skrifstofuna fellur stefnumörkun mannauðsmála, auk málefna er varða réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, kjarasamninga, launa- og lífeyrisréttindi sem og tölfraediupplýsingar um mannauð ríkisins. Skrifstofan sinnir stefnumótandi ráðgjöf og stuðningi við ráðuneyti og ríkisstofnanir um vinnumarkaðs- og kjaramál, mannauðs- og starfsumhverfismál og er í fyrirsvari fyrir stjórnendasetur ríkisins. Skrifstofan á í samstarfi við samtök launafólks og samtök sveitarfélaga um launa- og kjaramál sem og umbætur á vinnumarkaði. Hún leiðir vinnu samninganefndar ríkisins við undirbúning, gerð og eftirfylgni kjarasamninga.


Skrifstofa samhæfingar og fjármála fer með mál er varða dagskrá ráðherra og mál sem varða þingstörf hans. Hún veitir ráðherra ráðgjöf og stuðning í daglegum störfum og ber ábyrgð á þróun stjórnsýsluhátta innan ráðuneytisins almennt. Skrifstofan ber meginábyrgð á samskiptum við Alþingi og stofnanir ráðuneytisins. Hún samræmir framsetningu stefnumörkunar ráðuneytisins í þeim málaflokkum sem það ber ábyrgð á og hefur umsjón með fjárveitingum til þeirra. Auk þess fer hún með rekstrarlegt eftirlit með stofnunum ásamt stefnumótun og árangursstjórnun sem þær varðar. Skrifstofan leiðir samskiptamál ráðuneytisins og samhæfir upplýsingamiðlun þess. Skrifstofan annast rekstur ráðuneytisins og vinnur að framþróun í starfsumhverfi og mannauðsmálum. Skrifstofan ber ábyrgð á gæðamálum og skjalavistun. Hún samræmir og leiðir samstarf við aðrar skrifstofur um þróun og rekstur á gagnasöfnum og samtengdum reiknilíkönnum sem hagnýtt eru í ráðuneytinu. Þá fer skrifstofan með samhæfingu í starfsemi ráðuneytisins og fylgir eftir settum áherslum í starfsemi þess. Hún hefur yfirsýn og fylgist með starfi verkefnahópa sem starfa þvert á ráðuneytið. Einnig sinnir skrifstofan sérstökum og tímabundnum úrlausnarefnum og áherslumálum sem ráðuneytið fæst við í samstarfi við aðrar skrifstofur ráðuneytisins og önnur ráðuneyti eftir atvikum.

Ákvörðun þessi tekur gildi frá og með 1. september, 2025.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 23. maí, 2025.



Daði Már Kristófersson



Hermann Sæmundsson